

# Gerðardómur Viðskiptaráðs Íslands

## I. Ágrip af sögu Gerðardóms Viðskiptaráðs Íslands

Sögu Gerðardóms Viðskiptaráðs Íslands má rekja til árunna eftir fyrri heimsstyrjöld, þegar utanríkisverslun var að færast á ný í eðlilegt horf eftir styrjaldarátökin. Innan Viðskiptaráðs (þá Verzlunarráðs) sem stofnað var 1917, komu fljótlega upp raddir um mikilvægi þess að innan viðskiptalífsins væri fyrir hendi vettvangur til að skera úr ágreiningsefnum og komast þannig hjá því óhagræði sem fylgdi málaferlum fyrir hinum almennu dómstólum. Margir íslenskir kaupþingmenn fylgdust gjörlla með því sem var að gerast í helstu viðskiptalöndum okkar og sáu, að þar voru gerðardómar að ryðja sér til rúms og töldu að reynslan þaðan sýndi, að gerðardómsleiðin leiddi til afar mikils hagræðis og stuðlaði að aukinni festu í viðskiptalífinu.

Eitthvað var um að deiluaðilar í viðskiptaþrættum kæmu sér saman um að fá úrskurð óháðra gerðarmanna, en formfestuna skorti þar sem hvorki var fyrir hendi skipulögð stofnun né fastákveðnar málsmeðferðarreglur. Því fór svo að flest mál sem sett voru í gerð enduðu fyrir hinum almennu dómstólum.

Til þess að bæta úr þessu var unnið að því á vettvangi Viðskiptaráðsins að koma á föstum gerðardómi og síðari hluta árs 1920 er greint frá því í Verslunartíðindum, málgagni Viðskiptaráðs, að lokið hafi verið við að semja „*reglugjörð fyrir gjörðardóm í verslunar- og siglingamálum*“. Var reglugerðin staðfest þann 23. október 1920 og var fyrsti fundur hins nýja dóms haldinn þann 14. janúar 1921. Var formaður kjörinn Ásgeir Sigurðsson konsúll og varaformenn þeir A.V. Tulinius, framkvæmdastjóri og Björn Kristjánsson fyrrv. bankastjóri. Um sama leyti kom til meðferðar fyrsta gerðardómsmálið.

Hér er ekki ástæða til að fara nákvæmlega yfir sögu Gerðardómsins, en ljóst er að í upphafi bundu menn miklar vonir við að stofnun hans yrði mikið framfaraskref. Byggðust þær væntingar á því að gerðardómsmeðferð yrði ódýrari og fljótlegri en málsmeðferð fyrir hinum almennu dómstólum og jafnframt að gerðardómarar með reynslu úr verslun og viðskiptum hefðu meiri reynslu til að skera úr ágreiningsefnum fyrirtækja heldur en hinir reglulegu dómarar við dómstóla landsins.

Trúlega hafa þessar vonir að einhverju leyti brugðist. A.m.k. eru heimildir fáorðar um starf Gerðardómsins á næstu árum og áratugum. Trúlega hefur það dregið úr notkun þessarar leiðar að skv. landslögum voru dómur ekki aðfararhæfir sem slíkir. Höfða þurfti sérstakt einkamál til að fylgja eftir niðurstöðum gerðardómsins og lagareglur skorti um ýmis ágreiningsmál og óvissuatriði, sem upp gátu komið við gerðarmeðferðina. Eina lagastoðin, sem samningsbundnir gerðardómar studdust við, var ákvæði í 1. gr. 6. kapítula 1. bókar Norsku laga Kristjáns V., sem hljóðaði svo:

*„Nú fela málsaðiljar dánunönnum að ráða til lykta ágreining, og er oddamaður með eða eigi, þá er allt það, sem þeir gera, enda sé það heimilt eftir umboði þeirra, statt og stöðugt, og verður því eigi skotið til nokkurs dómstóls til ógildingar. En þó heldur konungur sínum rétti.“*

Úr þessu var bætt með setningu laga nr. 53/1989 um samningsbundna gerðardóma. Voru þá lögfestar ýmsar reglur, sem áður voru taldar gilda um dómana, og þeim veitt aðfararhæfi. Innan Viðskiptaráðs fór þegar af stað umræða um að í ljósi lagasetningarinnar væri mikilvægt að endurlífga Gerðardóm ráðsins, en starfsemi hans hafði þá lengi verið lítil, þótt ávallt væri hann til, a.m.k. að nafninu til. Eftir nokkurn undirbúning var reglugerð dómsins breytt til samræmis við hin nýju lög og tóku þær breytingar gildi haustið 1992. Var jafnframt farið í skipulagða kynningu á dómnum meðal forsvarsmanna fyrirtækja, lögmannna og annarra, sem málið var talið varða. Eftir þessa endurvakningu gætti aukins áhuga á dómnum, eitt erindi barst honum þegar árið 1992, en ekki varð úr formlegri málsmeðferð. Auk þess fóru æ fleiri aðilar að vísa til Gerðardóms Viðskiptaráðs Íslands í viðskiptasamningum, einkum þegar innlendir aðilar voru beggja vegna borðsins.

Þess var þó langt að bíða þar til mál fóru aftur að berast Gerðardómnum til úrlausnar. Veturinn 2000 til 2001 barst dómnum eitt erindi en því lyktaði svo að sóknaraðili féll frá ósk sinni um gerðardómsmeðferð, þar sem hann mat stöðu varnaraðila svo, að hann væri ekki borgunarmaður fyrir þeim kröfum, sem hafa átti uppi í málinu. Sumar og haust 2001 komu tvö önnur mál inn á borð dómsins. Öðru lauk eftir að gerðarmenn höfðu verið skipaðir en áður en tryggingafé fyrir málsmeðferð hafði verið lagt fram, og voru þær málalyktir þáttur í víðtækari samningum málsaðila um uppgjör og úrlausn flókinnar viðskiptadeilu. Þriðja málið var hins vegar rekið alveg til enda og var dómur Gerðardóms Viðskiptaráðs í því kveðinn upp þann 3. júní 2002. Þá fóru tvö mál fyrir fyrir Gerðardóminn árið 2007, bæði milli innlendra aðila annars vegar og erlendra aðila hins vegar. Dómur Gerðardómsins féll í báðum tilvikum

sóknaraðila í vil. Hefur því á stuttum tíma fengist þónokkur reynsla í því að takast á við rekstur mála fyrir Gerðardómi Viðskiptaráðsins eins og nánar verður vikið að síðar.

## II. Reglugerð og skipulag Gerðardóms Viðskiptaráðs Íslands

Núgildandi reglugerð fyrir Gerðardóm Verslunarráðs Íslands var samþykkt af stjórn Viðskiptaráðs Íslands í október 2005, en hún byggði á eldri reglugerð frá 7. september og 5. október 1992. Hefur reglugerðinni ekki verið breytt síðan, þótt nú kunni að vera ástæða til að bæta við hana og skýra nokkur atriði, í ljósi reynslunnar af nýlegum málarekstri þar. Með þá endurskoðun mun vinnuhópur á vegum Viðskiptaráðs fara og er áætlað að henni verði lokið um mitt ár 2010.

Stjórn Gerðardómsins er skipuð af stjórn Viðskiptaráðs Íslands. Í henni sitja þrír menn og eru þeir skipaðir til þriggja ára í senn. Formaður stjórnar skal uppfylla hæfisskilyrði hæstaréttardómara, annar meðstjórnandi skal vera starfandi lögmaður og sá þriðji kunnur athafnamaður. Stjórn Viðskiptaráðs skipar hverjum aðalmanni persónulegan varamann, og skal hann uppfylla sömu hæfisskilyrði og aðalmaður.

Stjórn Gerðardómsins ber ábyrgð á starfsemi hans, en nýtur til þess aðstoðar skrifstofu og starfsfólks Viðskiptaráðs. Meginverkefni stjórnar eru eftirfarandi:

- 1) Að taka við kröfu um úrlausn Gerðardómsins, fara yfir að krafan uppfylli skilyrði reglugerðarinnar um form og efni og að meta hvort dómurinn hafi lögsögu í málinu.
- 2) Að koma kröfunni á framfæri við gagnaðila og krefja hann svara við kröfunni.
- 3) Að tilnefna formann dóms án tilnefningar og tvo aðra meðdómendur, samkvæmt eða án tilnefningar frá málsaðilum. Gert er ráð fyrir þremur gerðarmönnum nema um annað hafi verið samið.
- 4) Ákveða dómsstað hafi málsaðilar ekki gert það.
- 5) Ákveða upphæð tryggingafjár, sem málsaðilum ber að leggja fram vegna kostnaðar við rekstur málsins.

Um hæfi gerðarmanna segir það eitt í reglugerðinni, að þeir skuli vera nægilega hraustir andlega og líkamlega til að fara með gerðarmál, séu lögráða og hafi forræði fjár síns og óflekkað mannorð. Þá eiga gerðarmenn að fullnægja sérstökum hæfisskilyrðum héraðsdómara til meðferðar einstaks máls.

Þegar gerðarmenn hafa verið tilnefndir og tryggingafé innt af hendi vísar stjórnin málinu til gerðardómsins og er þá gert ráð fyrir að afskiptum stjórnar sé lokið, nema nauðsynlegt sé talið að aðilar leggi fram viðbótartryggingafé.

Um málsmeðferðina fyrir gerðardómnum er ekki ástæða til að fara mörgum orðum, en vísast hvað hana varðar til reglugerðarinnar. Þó er rétt að taka fram að í upphafi er gert ráð fyrir að sóknaraðili staðfesti kröfu sína með skriflegri greinargerð, er í flestum efnum má jafna til stefnu í almennu einkamáli. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að upphaflega krafan þarf ekki samkvæmt reglugerðinni að vera ítarleg - hún þarf fyrst og fremst að vera skýr - heldur er gert ráð fyrir að greinargóð lýsing á kröfugerð, málsatvikum, lagarökum og sönnunargögnum komi fram þegar gerðardómsmenn hafa tekið við málinu. Sama er að segja um málatilbúnað varnaraðila. Hann þarf að jafnaði ekki að svara kröfunni ítarlega í upphafi en þegar sóknaraðili hefur lagt greinargerð sína fyrir gerðardóminn er varnaraðila gert að svara með greinargerð af sinni hálfu, sem má þá jafna til greinargerðar í venjulegu einkamáli.

Eftir þetta ræður gerðardómurinn í málinu allri málsmeðferð. Aðalreglan er munnlegur málflutningur, en skriflegur málflutningur er jafnframt heimill. Gerðardómurinn ræður tímamörkum vegna gagnaöflunar og málsmeðferðar að öðru leyti en þó setur reglugerðin þau skilyrði, að dómur skuli kveðinn upp eigi síðar en hálfu ári eftir að dómáramur voru tilnefndir. Stjórn Gerðardómsins getur raunar framlengt þann frest, að beiðni málsaðila, séu ríkar ástæður fyrir hendi.

Gerðardómur skal vera skriflegur, skýr og rökstuddur og gert er ráð fyrir að sama eigi við um sératkvæði, þegar um það er að ræða.

Gerðardómurinn ákveður sjálfur þóknun gerðarmanna og stjórnarmanna Gerðardóms Viðskiptaráðs, og eru málsaðilar ábyrgir fyrir þeim greiðslum in solidum. Jafnframt skal í dómnum tiltaka þann málskostnað, sem málsaðila ber að greiða gagnaðila sínum eða um skiptingu málskostnaðar að öðru leyti.

Varðandi málsmeðferðina er þess loks að geta, að málsaðilar geta í ákveðnum tilvikum krafist úrskurðar héraðsdóms um álitamál, í samræmi við ákvæði laga um samningsbundna gerðardóma nr. 53/1989.

### III. Reynslan af starfi Gerðardóms Viðskiptaráðs Íslands

Eins og áður kom fram er reynslan af starfi Gerðardóms Viðskiptaráðs Íslands frá því reglugerð um hann var endurskoðuð 1992 takmörkuð, þó málafjöldi hafi heldur aukist undanfarin ár. Ástæður þess kunna að vera ýmsar og má ætla að þar vegi þungt að málsmeðferð fyrir almennum dómstólum er nú mun hraðari og skilvirkari heldur en löngum var áður. Gerðardómsleiðin er því ekki ótvírætt fljótvirkari leið til að skera úr ágreiningsefnum heldur en almenna dómstólaleiðin. Líkur eru þó til þess að málsmeðferð fyrir almennum dómstólum taki breytingum í ljósi ríkjandi efnahagsaðstæðna, en verulegt álag er nú á héraðsdómstólum sem ætla má að lengi málsmeðferðartímann.

Í annan stað má ætla, að þar sem málsaðilar þurfa að bera kostnaðinn af allri gerðardómsmeðferðinni sjálfir, þ.m.t. þóknun gerðarmanna, kunni í mörgum tilvikum að leika vafi á um að gerðardómsleiðin sé ódýrari. Þóknun gerðarmanna hefur þó verið þannig háttáð fyrir Gerðardómi Viðskiptaráðs að gerðarmenn fá aðeins hluta af venjubundnu kaupi lögmannna greiddan fyrir störf sín í þágu dómsins. Þá fer það jafnan eftir fleiri þáttum en einvörðungu þóknun gerðarmanna hvort málarekstur sé kostnaðarsamur fyrir málsaðila, t.a.m. skilvirkni málsmeðferðarinnar. Auk þess eru dómur Gerðardómsins endanlegir fyrir málsaðila og því kemur að öllu jöfnu ekki til kostnaðar vegna málareksturs fyrir efra dómstigi.

Í þriðja lagi kann að vera, að tilvist Gerðardóms Viðskiptaráðs sé mönnum einfaldlega ekki nægilega vel kunn; menn í viðskiptalífinu þekki einfaldlega ekki þetta úrræði þegar kemur að samningsgerð eða úrlausn einstakra ágreiningsmála. Þá má að lokum bæta við, að þegar innlend fyrirtæki gera viðskiptasamninga við erlenda aðila, kann að reynast erfitt að fá erlenda aðilann til að samþykkja að setja í samninginn gerðardómsákvæði með vísan til Gerðardóms Viðskiptaráðs Íslands, þrátt fyrir að viðskiptaráð séu þekkt félagasamtök um allan heim. Erlendum aðilum finnst trúlega mörgum óþægilegt að binda sig við gerðarmeðferð hjá íslenskri stofnun og undir íslenskri lögsögu, og má ætla að þau kjósi í mörgum tilvikum frekar að vísa til gerðardómsstofnana erlendis eða þá að setja inn í samninga ákvæði um skipan sérstakra gerðardóma til þess að leysa úr deilum þessara tilteknu aðila.

Starfsmenn Viðskiptaráðs og aðrir sem hafa komið að starfi Gerðardómsins hafa lært margt af því að fjalla um þau mál, sem þegar er getið um. Viðskiptaráð hefur í samráði við stjórn Gerðardómsins þurft að móta vinnulag og framkvæmd varðandi þau atriði sem að Viðskiptaráðinu snúa, að því leyti sem ákvæði reglugerðarinnar eru ekki skýr eða ótvíræð. Það tók Viðskiptaráðið því í einhverjum tilvikum lengri tíma en ella að koma þeim málum, sem bárust, inn á borð gerðarmanna og til eiginlegrar málsmeðferðar heldur en telja má heppilegt. Eftir að hafa öðlast þessa reynslu ætti Viðskiptaráð hins vegar að vera betur í stakk búið til að takast á við ný mál. Vinnulagið hefur verið að mótast, ýmis álitafni verið leidd til lykta og vísir að venju hefur orðið til. Í ljósi þessa ætti að takast að stytta þann tíma sem líður frá því að krafa berst til dómsins og þar til gerðarmenn hafa tekið það til meðferðar.

Reynslan kann að gefa tilefni til ákveðinna breytinga á reglugerðinni, t.d. varðandi úrræði ef varnaraðili finnst ekki, svarar ekki erindum, tregðast við að leggja fram tryggingafé o.s.frv. Jafnframt kann að vera nauðsynlegt að kveða skýrt á um tímafresti á fyrstu stigum málsins. Loks kann að vera nauðsynlegt að fjalla nánar um sérstök hæfisskilyrði stjórnarmanna, en í einu málinu töldu allir stjórnarmenn og varastjórnarmenn sig vanhæfa til að koma að málsmeðferð vegna ýmiss konar tengsla við málsaðila. Þessi mál verða öll tekin til skoðunar af vinnuhópi Viðskiptaráðs, sem ætlað er að skila tillögum um mitt árið 2010.

Með fenginni reynslu og lagfæringum á reglugerð ætti að vera hægt að stytta frekar þann tíma, sem málsmeðferðin tekur.

Áfram verða hins vegar fyrir hendi til viðbótar nokkrir ótvíræðir kostir fyrir aðila að fara með mál sín fyrir Gerðardóm Viðskiptaráðs. Má þar nefna atriði eins og það, að málsmeðferð er ekki opinber þannig að auðveldara ætti að vera fyrir menn að leysa úr ágreiningi sínum í kyrrþey með gerðardómsleiðinni. Slíkt getur skipt verulegu máli í sambandi við viðkvæm viðskiptatengsl og viðskiptahagsmuni.

Eins getur það verið kostur fyrir aðila að eiga þess kost að tilnefna fyrir sína hönd einn gerðarmann. Með þeim hætti hafa málsaðilar tök á að skipa aðila sem hafa sérþekkingu og/eða reynslu á því sviði sem viðkomandi ágreiningsefni fellur undir. Með því fæst meiri víska um efnislegt réttmæti dóms Gerðardómsins.

Þriðja atriðið er að þar sem málsmeðferð er ekki jafn formbundin og meðferð einkamála fyrir héraði getur skapast meira svigrúm í málarekstrinum. Loks má nefna, að vegna tengslanna við Viðskiptaráð Íslands, ætti reynsla úr viðskiptaheiminum, þekking á viðskiptavenjum og aðstæðum, að skila sér með ýmsum hætti í allri málsmeðferðinni.

#### **IV. Niðurstaða**

Gerðardómur Viðskiptaráðs Íslands á sér talsverða sögu, sem þó hefur verið sveiflukennnd. Viðskiptaráð hefur frá upphafi talið, að það væri skylda þess að bjóða aðilum í íslensku viðskiptalífi upp á þann möguleika, að fá leyst úr ágreiningsefnum sínum á skipulögðum og formbundnum vettvangi, sem væri þó á sama tíma óháður ríkisvaldinu og sveigjanlegri á ýmsan hátt.

Lögin um sammingsbundna gerðardóma, reglugerð Gerðardómsins sjálfs og fengin reynsla af málsmeðferð innan hans undanfarin ár, ætti að tryggja, að íslensk fyrirtæki og jafnvel erlendir viðskiptamenn þeirra, geti fengið trausta, örugga og hraða úrlausn ágreiningsmála sinna án þess að kostnaður verði óeðlilegur eða ósanngjarn.